

Skólaráðsfundur

23. maí 2023 kl. 8:15 í Tjarnarsal

Mættir: Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri, Hannes Birgir Hjálmarsson og Elín Þuríður Samúelsdóttir fulltrúar kennara, Kristín Hulda Halldórsdóttir fulltrúi almennra starfsmanna, Manassa Qarni fulltrúi foreldra og Júlía Teresa Radwanska og Emilía Rós Símonardóttir fulltrúar nemenda.

1. Skipulag næsta skólaárs / ráðningarmál

Fyrir næsta skólaár er unnið að því að vera með teymiskennslu þvert á bekki í 1.-7. bekk. Fyrirkomulag á unglíngastigi verður óbreytt. Smíðjur verða útfærðar í öllum bekkjum með sama fyrirkomulagi og verið hefur á unglíngastigi þar sem verk-, og listgreinar og tölvur eru kenndar í lotum þvert á bekki. Fyrri frímínútur verða teknar úr stundatöflu. Umsjónakennarar fara daglega með bekkina sína út í stað frímínútna. Unglíngastig mun byrja í skólanum kl. 8:40 í stað kl. 8:00 eins og verið hefur og vera þá í skólanum lengra fram á daginn. Einnig er verið að auka þjónustu við alla stoðþjónustu, má þar sérstaklega nefna einhverfuver og ÍSAT-ver. Ráðningarmál eru í vinnslu og á loka metrunum.

2. Fyrirhugaðar framkvæmdir

Skólastjóri fór yfir fyrirhugaðar framkvæmdir við skólann fyrir næsta skólaár, viðhalds og nýjar.

3. Skipulag vordaga og skólalok

Skipulag vordaga verður hefðbundið, þ.e. tveir dagar þar sem dagskrá er fjölbreytt hjá bekkjum, uppbrot, útivera og skemmtun. Skólaslit verða með hefðbundnum hætti í tvennu lagi þann 2. júní.

4. Önnur mál

- Rætt hvort sumarvinna unglínga geti komið að viðhaldsvinnu í skólanum.
- Uppástunga með að setja upp þema á salerni nemenda, stærðfræði, náttúrufræði, íslenska, tölur, bókstafi, hringrásir, margföldun, stafróf o.þ.h.
- Sýnileiki foreldrafélags, skilyrði fyrir starfsemi og mönnun þess rædd.
- Þetta er síðasti fundur skólaráðs á þessu skólaári. Skipað verður nýtt skólaráð á nýju skólaári.

Fundi slitið kl. 9:20

Fundarritari: Hilmar